

Allsherjar- og menntamálanefnd Alþingis
Austurstræti 8-10
101 Reykjavík
Sent rafrænt til: nefndasvid@althingi.is



Reykjavík, 20. mars 2023

Meðfylgjandi er umsögn lögmansstofunnar Claudia & Partners um frumvarp til laga um breytingu á lögum um útlendinga (alþjóðleg vernd)

Virðingarfyllst, f.h. Claudia & Partners



Claudia Ashanie Wilson, lögmaður.



UMSÖGN LÖGMANNSSTOFUNNAR CLAUDIA & PARTNERS

við

frumvarp til laga um breytingu á lögum um útlendinga (alþjóðleg vernd)

frá dómsmálaráðherra (stjórnarfrumvarp)

I. Almennt um umsagnaraðili og störfum hans

Claudia & Partners hefur í störfum sínum látið mannréttindamál til sín taka, ekki síst í tilfelli útlendinga, umsækjenda um alþjóðlega vernd og flóttamanna. Lögmenn stofunnar sérhæfa sig meðal annars á sviði mannréttinda og álitafna er varða lög nr. 80/2016 um útlendinga.

Undirrituð hefur í gegnum árin mætt fyrir nefndina, bæði samkvæmt beiðni og boðun. Undirrituð þykir nú ástæða til að óska eftir fundi með allsherjar- og menntamálanefnd til að gera nefndinni betur grein fyrir sjónarmiðum stofunnar og áherslum.

II. Um fyrirhugaðar breytingar á lögum útlendinga

Lögmenn Claudia & Partners Legal Services „hér eftir: CPLS“ hafa yfirfarið fyrirhugaðar breytingar á lögum um útlendinga samkvæmt stjórnarfrumvarpi dómsmálaráðuneytisins er birtist á vef Alþingis þann 20. febrúar 2024. Í ljósi þess sem fram kemur í áformunum telur CPLS nauðsynlegt að gera athugasemdir við frumvarpið en það virðist hafa það að markmiði að fjarlægja öll þau ákvæði í lögnum sem hafi verið ákveðin öryggisventlar og varnaglar fyrir umsækjendur um alþjóðlega vernd hérlendis, veitt þeim réttaröryggi og eftir atvikum verið liðir í sanngjarnri málsmeðferð við afgreiðslu mála þeirra gagnvart stjórnvöldum.

Í frumvarpinu er tiltekið að nauðsynlegt sé sporna við þeirri fjölgun umsókna um alþjóðlega vernd, hraða þurfi afgreiðslu og sporna gegna misnotkun á kerfinu. Er það mat CPLS að framangreindum markmiðum eigi að ná með verulegri skerðingu á réttindum umsækjenda um alþjóðlega vernd. Þá er það mat CPLS að þær breytingar sem felast í áformunum samræmast ekki tilgangi breytinganna um að umsækjendur hljóti skilvirka, mannúðlega og vandaða málsmeðferð.

Þá telur CPLS það sérstakt áhyggjuefni þau áhrif sem að lagabreytingarnar munu hafa á grundvallarmannréttindi umsækjenda um alþjóðlega vernd hérlendis, m.a. réttar þeirra til virks og raunhæfs úrræði, sbr. 13. gr. laga nr. 62/1994 um mannréttindasáttmáli Evrópu, sem og rétt þeirra til friðhelgi einkalífs, heimilis og fjölskyldu, skv. 8. gr. sömu laga, sbr. 71. gr. laga nr. 33/1944 um stjórnarskrá Íslands.

III. Umsögn CPLS við einstakar greinar frumvarpsins

Um 1. gr. frumvarpsins - Skipan kærunefndar útlendingamála og ákvörðunartaka nefndarinnar
Í fyrstu grein frumvarpsins eru lagðar til breytingar á skipan kærunefndar útlendingamála. Markmiðið með breytingunum er að auka skilvirkni og sveigjanleika kærunefndarinnar án þess að dregið sé úr gæðum málsmeðferðar.

Tillaga samkvæmt b. lið 1. gr. frumvarpsins að breytingu er svohljóðandi:

“Í stað orðanna „Formaður nefndarinnar og varaformaður skulu skipaðir í fullt starf til fimm ára“ í 2. másl. 3. mgr. kemur: Nefndin er skipuð af formanni, varaformanni og nefndarmanni sem skulu skipaðir í fullt starf.” [áherslubreytingar undirritaðrar]

CPLS gerir mjög alvarlegar athugasemdir við framangreinda tillögu að breytingu sem hefur það að markmiði að formaður og varaformaður hljóti varanlega skipun í stað tímabundinnar skipunar til fimm ára, sbr. nógildandi lög. Að mati CPLS er með þessum breytingum verið að stofna sérdómstól innan stjórnarsýslunnar og er fólgið í slíkri ráðstöfun sú hættu að hún stríði gegn ákvæði 2. gr. laga nr. 33/1944 um stjórnarskrá Íslands um þrískiptingu ríkisvalds.

Á það er bent að um skipunartíma embættismanna í nefndum á Íslandi hefur meginreglan verið sú, frá setningu laga nr. 70/1996 um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, að embættismenn séu skipaðir til fimm ára. Samkvæmt 1. mgr. 23. gr. laganna skulu “embættismenn [...] skipaðir tímabundið, til fimm ára í senn, nema annað sé tekið fram í lögum.” Þessu til stuðnings er bent á að samkvæmt upplýsingum á vefsíðu stjórnarráðsins eru alls starfræktar 29 fastar úrskurðanefndir á stjórnarsýslustigi, þ.m.t. kærunefnd útlendingamála, þar sem nefndarmenn eru ýmist skipaðir til tveggja ára til fimm ára.¹

Afar ríkar og málefnalegar ástæður eru fyrir því að embættismenn eru ekki skipaðir varanlega og vísa má m.a. til þeirra sjónarmiða sem fram koma í athugasemdum með 23. gr. í frumvarpinu sem varð að lögum nr. 70/1996. Þar segir m.a.:

“Í 1. mgr. er orðuð sú meginregla að embættismenn skuli hér eftir ekki skipaðir ótímabundið, heldur tímabundið til fimm ára í senn. Í öðrum lögum kann að vera svo fyrir mælt að skipun embættismanna skuli hagað með öðrum hætti. Má þar fyrst og fremst nefna 61. gr. stjórnarskrárinnar sem tekur til hæstaréttardómara og héraðsdómara, en þar virðist vera út frá því gengið sem meginreglu að dómendur skuli skipaðir í embætti ótímabundið enda verður þeim ekki vikið að fullu úr embætti nema með dómi. Ákvæði þetta, sem byggir á þrískiptingu ríkisvaldsins í löggjafarvald, framkvæmdarvald og dómvald, er ætlað að tryggja sjálfstæði dómstólanna gagnvart öðrum handhöfum ríkisvaldsins, fyrst og fremst handhöfum framkvæmdarvaldsins.”

Það er afar rík hefð fyrir því að embættismenn hljóti ekki varanlega og ævilanga skipun eins og dómáramur og að skipunartími þeirra sé í samræmi við skipunartíma annarra embættismanna íslenska ríkisins. Ef tilefni væri til að lengja skipun nefndarmanna kærunefndar útlendingamála væri þannig eðlilegast að það sætti einhvers konar takmörkunum. Þannig var málum háttáð í í þágildandi lögum nr. 36/2001 um Seðlabanki Íslands þar sem skipunartíma seðlabankastjóra var til sjö ára en aðeins var heimilt að endurnýja skipunina einu sinni. Frá þessu hefur verið horfið og hefur skipunartími samkvæmt 4. gr. nógildandi laga nr. 92/2019 um Seðlabanka Íslands verið lækkaður úr sjö árum í fimm ár til samræmis við skipunartíma annarra embættismanna. CPLS telur að í frumvarpinu séu ekki færð fram viðhlítandi rök fyrir þeirri ástæðu að hæfileg

¹Sótt af vefsíðu stjórnarráðsins, þann 19. mars 2024; <https://www.stjornarradid.is/raduneyti/nefndir/>

endurnýjun skuli ekki fari fram í yfirstjórn nefndarinnar í ljósi þeirrar grundvallarbreytingar sem felst í ákvæðinu.

CPLS leggst eindregið gegn þessari varhugaverðu tillögu að breytingu á skipan nefndarinnar.

CPLS telur jafnframt að fyrirhugaðar breytingar á skipan kæruneftdarinnar um að fækka nefndarmönnum úr sjö í þrjá muni ekki ná yfirlýstu markmiði um að auka afköst nefndarinnar. Í fyrirhugaðri breytingu er fólgin sú hættu að dregið verður úr skilvirkni og gæðum málsmeðferðar. Í þessu samhengi er nauðsynlegt að benda á að málsmeðferð kæruneftdar er almennt talsvert skilvirkari en hjá Útlendingastofnun.

Þá gerir CPLS athugasemdir við breytta skipan nefndarmanna hjá kæruneftdinni. Í dag eru þrjú af sjö aðalmönnum nefndarinnar skipaðir af dómismálaráðherra eftir tilnefningu frá Mannréttindaskrifstofu Íslands og Mannréttindastofnun Háskóla Íslands, en með breytingunum er fyrirhugað að nefndarmennirnir þrjú séu skipaðir ótímabundið af dómismálaráðherra. Er það mat CPLS að mikilvægt sé að skipan kæruneftdar sé ekki haggð í ljósi þess að þá fái kærumál endurskoðun nefndarmenna með margvíslegan bakgrunn. Með hliðsjón af framangreindu leggst CPLS eindregið gegn þessu ákvæði.

Um 2. gr. framvarpsins - *Um breytingu á málsmeðferð fyrir kæruneftnd útlendingamála*

CPLS gerir athugasemd við þær breytingar sem felast í með hvaða hætti ákvarðanatöku fer fram hjá nefndarmönnum. Samkvæmt frumvarpinu er þannig lagt til að, að jafnaði skulu tveir nefndarmenn úrskurða í hverju máli sem nefndinni berst, en séu þeir ekki sammála um niðurstöðu máls skal kalla til þriðja nefndarmann og ræður þá meirihluti. CPLS telur þetta fyrirkomulag ganga í berhögg við markmið frumvarpsins um að tryggja gæði málsmeðferðar og mannúðlega meðferð. Þannig eru opinberar nefndir að jafnaði skipaðar að minnsta kosti þremur nefndarmönnum sem fara með ákvörðunarvald í stjórnsýslumálum og er það álit CPLS að réttarvernd einstaklinga sem leita með mál sín til kæruneftdar útlendingamála verði af þeim sökum lakari.

Þá telur CPLS að heimildir frumvarpsins til að úrskurða einir séu of víðtækar. Þannig veitir frumvarpið nefndarmanni heimild til að úrskurða einn í öllum málum sem hljóta forgangsmeðferð, en þar geta fallið undir til að mynda umsóknir fylgdarlausra barna. Sérstaklega mikilvægt er að gætt sé að réttarvernd fylgdarlausra barna og felur þessi víðtæka heimild í sér að hún er ekki tryggð. Afar ríkar kröfur eru gerðar m.a. til talsmanna, sbr. 30. gr. núgildandi laga nr. 80/2016, og starfsmanna barnaverndar, sbr. 31. gr. sömu laga, um að búa yfir sérþekkingu til réttindagæslu barna á flóttu. Að mati CPLS verður hins vegar ekki séð að sama krafa sé gerð til nefndarmanns sem kemur til með að úrskurða einn í málum sem kunna að varða eins viðkvæman hóp og börn á flóttu og þá sérstaklega fylgdarlaus börn.

Með hliðsjón af framangreindu og með hliðsjón af rétti einstaklinga til sanngjarnar málsmeðferðar og virks og raunhæfs úrræðis, sbr. 13. gr. MSE, leggst CPLS eindregið gegn þessu ákvæði.

Um 4. og 5. gr. frumvarpsins - Um breytingar á ákvæðum 36. gr. laga um útlendinga

Í fimmtu grein frumvarpsins er lagt til að 2. mgr. 36. gr. falli brott. Ákvæðið felur í sér að íslenskum stjórnvöldum ber skylda til að taka umsókn um alþjóðlega vernd til efnismeðferðar hafi umsækjandi slík sérstök tengsl við landið að nærtækast sé að hann fái hér vernd eða ef sérstakar ástæður mæla annars með því.

Fyrir um áratug, þegar fyrstu umsóknir viðkvæmra einstaklinga og barnafjölskyldna sem hlotið höfðu vernd í Grikklandi bárust íslenskum stjórnvöldum, kom í ljós að ekki var heimild í lögum til að tekið væri tillit til sérstakra ástæðna þeirra og að mál þeirra yrðu tekin til efnismeðferðar. Var því farin sú leið að veita viðkvæmum barnafjölskyldum með vernd í Grikklandi dvalarleyfi hér á landi af mannúðarástæðum á grundvelli þágildandi útlendingalaga. Við setningu núgildandi útlendingalaga hafði reynslan kennt íslenskum stjórnvöldum að ærið tilefni var til að heimild væri til staðar til að taka til efnismeðferðar umsóknir þeirra sem hlotið höfðu vernd í öðru ríki, á grundvelli sérstakra ástæðna eða tengsla. Hafa þarf í þessu samhengi einnig í huga að skv. núgildandi útlendingalögum er ekki heimilt að veita dvalarleyfi af mannúðarástæðum í þessum tilvikum en forsenda þess leyfis er að umsókn um alþjóðlega vernd hafi fengið efnislega meðferð.

Undanfarin ár hafa íslensk stjórnvöld sniðið þrengri stakk þegar kemur að túlkun á hvað geti talist til sérstakra ástæðna og er aðeins fallist á að sérstakar aðstæður séu til staðar í fáeinum málum. Er þessi breytingatillaga rökstudd í greinargerð frumvarpsins með þeim hætti að Ísland sé það ríki sem fengið hafi hlutfallslega flestar umsóknir frá einstaklingum sem þegar njóta verndar í öðru Evrópuríki. Í frumvarpinu er hins vegar skautað fram hjá því að þeir einstaklingar sem þegar hafa hlotið alþjóðlega vernd í öðru Evrópuríki og leita hingað, koma flestir frá Grikklandi, Ítalíu eða Ungverjalandi, þar sem bágbornar aðstæður flóttafólks eru ekki sæmandi. Er með frumvarpinu þannig loku fyrir það skotið að einstaklingar með vernd í Grikklandi, t.d. bundnir við hjólastól, heimilisláusir og án aðgengis að heilbrigðisþjónustu geti fengið umsókn sína um vernd tekna til efnismeðferðar hér á landi.

Í frumvarpinu er vísað til þess að þrátt fyrir að 2. mgr. 36. gr. verði felld úr gildi verði ástand og aðstæður í móttökuríki alltaf kannaðar og því áfram hægt að taka mál þeirra til efnislegrar meðferðar á grundvelli 3. mgr. 36. gr. laganna, sbr. 42. gr. Þessi varnagli er hins vegar ekki til staðar enda hefur Útlendingastofnun frá gildistöku laganna aldrei fallist á að endursending einstaklings með vernd í öðru ríki feli í sér brot gegn 42. gr. útl.

Þá felur 2. mgr. 36. gr. einnig í sér að taka skal til efnismeðferðar umsókn hafi umsækjandi ekki fengið niðurstöðu í máli sínu á stjórnáskjalastigi innan 12 mánaða. Teljist umsækjandi á einhverjum tíma hafa tafið mál sitt samkvæmt framangreindu á hann ekki rétt á efnismeðferð á grundvelli tímafrestsins í þessari málsgrein.

Telur CPLS það ganga í berhögg við markmið frumvarpsins um skilvirkni að fella þennan hvata til handa stjórnvöldum um að sinna skyldum sínum með tilliti til málshraða úr lögnum. Um er



að ræða ákvæði sem beitt er í algerum undanteknum að ströngum skilyrðum uppfylltum og verður þannig hvorki séð að málsmeðferð umsækjenda né skilvirkni stjórnvalda sé bættari með fyrirhugaðri breytingu.

Ákvæðið sem fella á brott felur í sér hvatningu til íslenskra stjórnvalda til að tryggja að málsmeðferð dragist ekki á langinn. Gengur það í berhögg við markmiðalýsingu frumvarpsins um aukna skilvirkni og að draga úr kostnaði, að fella skuli ákvæðið úr gildi.

Með hliðsjón af framangreindu leggst CPLS eindregið gegn þessu ákvæði enda felst í því gríðarleg skerðing á réttarvernd fólks á flóttu.

Um 6., 7., 8., og 9. gr. frumvarpsins - *Um breytingar á ákvæðum 45. gr. laga um útlendinga*
CPLS telur það orka tvímælis að frumvarp sem hefur það að markmiði að tryggja mannúð í meðferð stjórnvalda í málefnum útlendinga hér á landi, sbr. 2. mgr. 4. gr. laga nr. 80/2016 um útlendinga feli einnig í sér að nánustu aðstandendur handhafa viðbótarverndar hér á landi verði gert að bíða í tvö ár áður en þeim er heimilt að sækjast eftir fjölskyldusameiningu hér á landi. Er hvorki að sjá að í þessu felist mannúð fyrir þann einstakling sem flýja þurfti heimahagana, þarf að bíða hér einangrað og einmana, í von og óvon eftir fjölskyldusameiningu, né þeim aðstandendum sem eftir urðu og eru jafnvel í sárri lífshættu. Myndi þetta til að mynda hafa í för með sér að einstaklingur frá Gaza sem fengi viðbótarvernd hér í dag þyrfti að bíða í tvö ár eftir sameiningu við aðstandendur sína, í von um að þeim endist líf til þess.

Þá telur CPLS að lykilrökstuðningur í frumvarpinu fyrir að þessi breyting sé nauðsynleg sé með engu móti í samræmi við þá þróun sem á sér stað í öðrum Evrópuríkjum og ekki síst í þeim ríkjum sem Ísland ber sig saman við. Þrátt fyrir að ríki hafi heimild til að kveða á um tveggja ára biðtíma fyrir umsækjendur, sem hafa fengið vernd héraðs, um fjölskyldusameiningu, sbr. 8. gr. tilskipun 2003/86/EB hafa fæst ríki gert biðtíma að skilyrði fyrir veitingu fjölskyldusameiningar. Af þeim 36 Evrópuríkjum sem tryggja fjölskyldusameiningu til þeirra sem hlotið hafa viðbótarvernd eða heimila hana á grundvelli mats hafa aðeins sex þeirra gert biðtíma að skilyrði fyrir veitingu fjölskyldusameiningar, sbr. umfjöllun í málsgr. 69 í dómi *Mannréttindadómstóls Evrópu í máli nr. 6697/18 M.A. gegn Danmörku, dags. 9. júlí 2021.*

Þá segir í greinargerð frumvarpsins að „*gert er ráð fyrir að ráðherra verði heimilt að útfæra nánar í reglugerð hvenær þessar undanþágur koma til skoðunar, sbr. b-lið ákvæðisins.*“ CPLS telur ástæðu sé til að hafa sérstakar áhyggjur af þessari tillögu, enda hefur framkvæmd þegar sýnt að með reglugerðarheimild hefur ráðherra ávallt sætt harðri gagnrýni fyrir að þrengja til muna markmið lagaákvæða og jafnvel vilja löggjafans. Má nefna sem dæmi hina umdeilda reglugerð nr. 276/2018, frá 9. mars 2018, til breytingar á reglugerð nr. 540/2017 um útlendinga.

Loks telur CPLS ástæðu til að hafa verulegar áhyggjur af tillögu í ákvæði frumvarpsins um styttingu gildistíma dvalarleyfis vegna veitingu viðbótarverndar, sbr. 2. mgr. 37. gr. útlendingalaga, úr fjórum árum í tvö ár með kosti á endurnýjun. Þegar ákvæðið er lesið í samhengi við 9. gr. frumvarpsins og að teknu tilliti til framkvæmdar stjórnvalda við beitingu og



túlkun ákvæðisins liggur það ljóst fyrir að markmiðið er greiða fyrir því að einstaklingar séu sviptir viðbótarvernd héraðs án tillits til aðstæðna þeirra hér á landi á þeim tíma, m.a. hvernig þau, þ.m.t. barnafjölskyldur, hafa aðlagast samfélaginu.

Með ákvæðinu virðist ekki koma til skoðunar að lagt sé heilstætt mat á aðstæður einstaklingsins, m.t.t. aðstæðna hans á Íslandi og í heimaríki. Heldur verði aðeins horft til ástandsins í heimaríki við mat á hvort veita eigi áfram viðbótarvernd. Um afar ómannúðlega meðferð á einstaklingum er að ræða sem tekur ekkert tillit til einstaklingsbundinna aðstæðna þeirra né um hversu íþyngjandi ákvörðun er að ræða. Þá hafa ákvæði frumvarpsins það í för með sér að einstaklingar sem njóta verndar á þessum grundvelli verða sviptir allri réttarvernd og munu búa í stöðugum ótta við að verða svipt áframhaldandi heimild til dvalar að liðnum tveimur árum frá veitingu fyrsta dvalarleyfis.

Á sama tíma og lagt er til styttingu á gildistíma dvalarleyfa á grundvelli viðbótarverndar er jafnframt gert ráð fyrir því á grundvelli fyrirhugaðra breytinga skv. frumvarpinu að dvalarleyfi skv. 74. gr. laganna verði veitt til eins árs í senn og skal það endurnýjað árlega í stað til að allt að tveggja ára eins og núverandi löggjöf mælir fyrir um.

Er þessi breytingartillaga lögð fram og rökstudd með þeim hætti að í henni felist samræming við gildistíma dvalarleyfa á Norðurlöndunum. Í þessu samhengi telur CPLS mikilvægt að taka fram að löggjöf annarra Norðurlanda er ekki samræmd að þessu leyti. Þá hefur dómsmálaráðherra haldið því fram að fyrirhuguð breyting muni auka skilvirkni á Alþingi í umræðum um frumvarpið. Það verður hins vegar ekki annað séð en að styttri gildistími dvalarleyfa mun leiða til aukinnar vinnu og álags hjá Útlendingastofnun við afgreiðslu umsókna um endurnýjuð leyfi. CPLS telur að slíkt geti ekki með nokkru móti aukið skilvirkni í málaflokknum heldur þvert á móti flækt mál og gert þau kostnaðarsamari fyrir vikið.

Með hliðsjón af framangreindu leggst CPLS eindregið gegn þessum ákvæðum.

Um 11. gr. frumvarpsins - Veiting bráðabirgðadvalarleyfis

Í ákvæðinu er lagt til “að það verði skýrlega kveðið á um að umsækjandi geti einungis fengið bráðabirgðadvalarleyfi fram að því tímamarki þegar niðurstaða Útlendingastofnunar um synjun á umsókn hans liggur fyrir.” [áherslubreytingar undirritaðrar]

Markið ákvæðisins er að svipta einstaklinga þeim kosti að geta framfleytt sér á meðan mál þeirra sæta kæru til kærunefndar útlendingamála án tillits til lengdar málsmeðferðar á kærustigi og þeirrar staðreyndar að í flestum tilvikum er réttaráhrifum ákvörðunar frestað.

Í frumvarpinu segir að:

“Samkvæmt gildandi ákvæði þurfa ákveðin skilyrði að vera uppfyllt til að umsækjandi geti fengið útgefið bráðabirgðadvalarleyfi, þar á meðal að ekki liggi fyrir ástæður sem geti leitt til brottvísunar umsækjanda, sbr. c-lið 1. mgr. 77. gr. Eðli máls samkvæmt



liggja fyrir ástæður sem leitt geta til brottvísunar umsækjanda þegar Útlendingastofnun hefur synjað umsókn hans” [áherslubreytingar undirritaðrar]

At mati CPLS geta “ástæður sem [...] leitt [geta] til brottvísunar umsækjanda, sbr. c-lið 1. mgr. 77. gr.” aðeins komi til skoðunar í þeim málum þegar kæra frestar ekki réttaráhrifum sjálfkrafa eða stjórnvöld hafa hafnað beiðni málsaðila þess efnis.

CPLS telur að ákvæðið sé til þess fallið að stefna einstaklingum í hættu á að verða fyrir broti gegn 68. gr. stjórnarskrá Íslands og 3. gr. mannréttindasáttmála Evrópu, en bæði ákvæðin leggja bann við pyndingum, ómannúðlegri eða vanvirðandi meðferð. Þá sé umsækjendum um alþjóðlega vernd sem bíða niðurstöðu kæru, neyddir af stjórnvöldum til að vera á framfærslu skattgreiðenda, gegn vilja þeirra og án gildra ástæðna, en alfarið skortir að stjórnvöld rökstyðji hvers vegna þessi breyting sé nauðsynleg.

Með hliðsjón af framangreindu leggst CPLS eindregið gegn þessu ákvæði.

IV. Lokaorð

Það er mat CPLS að fyrirhuguð áform um breytingar á lögum um útlendinga hafi í för með sér alvarlega rýrnun á réttindum og réttaröryggi umsækjenda um alþjóðlega vernd við málsmeðferð þeirra hér á landi. Þá verður ekki séð að frumvarpið samræmist markmiðalýsingu þess um skilvirkni, mannúð og vandaða málsmeðferð.